

ST 2 ehf
Kt.: 540502-5950
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 13.03.2023
Tilv. 2022-04-27-1531
Tilv. 2022-04-25-1520

Efni: Brot á lögum nr. 79/1997. Brot á reglugerð nr. 267/2022. Veiðitími. Yfirtaka hrognkelsaneta í sjó. Kóngsey ST-4 (2579) og Sigurey ST-22 (1774). Ákvörðun um sviptingu grásleppuveiðileyfis. Endurupptaka máls og leiðrétting.

I. Málsatvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætluð brot skipstjóra fiskiskipanna Kóngsey ST-4, skipaskrárnúmer 2579, og Sigurey ST-22, skipaskrárnúmer 1774, gegn lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 og reglugerð um hrognkelsaveiðar árið 2022 nr. 267/2022 þann 13. og 14. apríl 2022. Lögskráður skipstjóri á Kóngsey ST-4 (2579) 13. apríl 2022 var A, kt. [...] og lögskráður skipstjóri á Sigurey ST-22 (1774) 14. apríl 2022 var B, kt. [...].

Í skýrslum veiðieftirlitsmanna Fiskistofu frá 25. og 26. apríl 2022, kemur fram að við eftirlit hafi komið í ljós að fiskiskipið Kóngsey ST-4 (2579) lagðist að bryggju á Drangnesi þann 13. apríl 2022 með engin veiðarfæri meðferðis. Tóku eftirlitsmenn þar á móti skipinu við bryggju en grásleppunet voru þar hvergi sjáanleg um borð. Aðspurður hvort netin væru um borð svaraði skipverji um borð, B, því neitandi. Jafnframt kvaðst hann vera meðvitaður skyldu áhafnar til að draga netin úr sjó umræddan dag, 13. apríl. Skipið hafði verið á grásleppuveiðum og umræddur dagur var síðasti dagur veiða samkvæmt útgefnu leyfi, dags. 20. mars 2022, bundið við skipið. Sama dag var upphafsdagur grásleppuveiðileyfis fiskiskipsins Sigurey ST-22 (1774), sem er jafnframt í eigu og útgerð málsaðila, ST 2 ehf. Grásleppuleyfi beggja fiskiskipa voru bundin við sama veiðisvæði (Húnaflói). Að lokinni löndun Kóngsey ST-4 (2579) var skipinu siglt inn til Kokkálsvíkur og lá þar við bryggju allt þar til fyrri skýrsla veiðieftirlitsmanna var rituð þann 25. apríl 2022. Þann 14. apríl 2022 var öll áhöfn á Kóngsey ST-4 (2579) afskráð og hefur engin áhöfn verið skráð á skipinu síðan. Einnig kom í ljós að á bátnum var rangt nafn (Mávur SI-96) en samkvæmt skipaskrá heitir báturinn réttilega Kóngsey ST-4 (2579) frá 11. mars 2022.

Eins og að framan greinir var gildistími grásleppuleyfis fiskveiðiárið 2021/2022, bundið við fiskiskipið Sigurey ST-22 (1774), frá 13. apríl 2022, þ.e. sama dag og fiskiskipið Kóngsey ST-4 (2579) lagðist að bryggju í sinni síðustu veiðiferð skv. sams konar grásleppuleyfi bundið við skipið. Síðar kom í ljós að áhöfn Kóngsey ST-4 (2579) hafði verið lögskráð yfir á Sigurey ST-22 (1774), áður en það hélt til veiða þann 14. apríl 2022 í sína fyrstu veiðiferð gráslepputímabilsins 2022. Hafa ferlar beggja fiskiskipa umrædda daga verið skoðaðir og bornir saman. Með hliðsjón af þeim, og því sem að framan hefur verið rakið, virðist sem skipstjóri fiskiskipsins Sigurey ST-22 (1774) hafi haldið til grásleppuveiða án veiðarfæra 14. apríl 2022, en þess í stað hafið veiðar með yfirtöku hrognkelsaneta í sjó, í andstöðu við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar 267/2022, sem áhöfn Kóngsey ST-4 (2579) hafi ekki dregið úr sjó þann 13. apríl 2022 í andstöðu við 1. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar. Af þeim sökum eru skipstjórar

fiskiskipanna Kóngsey ST-4 (2579) og Sigurey ST-22 (1774) grunaðir um að hafa brotið gegn 1. og 2. mgr. 8. gr. sbr. 14. gr. reglugerðar um hrognkelsaveiðar árið 2022 nr. 267/2022 sbr. 7. sbr. 21. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997, með því að hafa ekki dregið öll grásleppunet úr sjó fyrir lok leyfistímabils fiskiskipsins Kóngsey ST-4 (2579) og með yfirtöku fiskiskipsins Sigurey ST-22 (1774) á hrognkelsanetum í sjó, dagana 13. og 14. apríl 2022.

II. Athugasemdir málsaðila

Í bréfi Fiskistofu, dags. 18. janúar 2023 (tilv. 2022-04-27-1531 og 2022-04-25-1520), er varðar ætluð brot skipstjóra fiskiskipanna Kóngsey ST-4 (2579) og Sigurey ST-22 (1774), gegn lögum nr. 79/1997 og reglugerð nr. 267/2022 dagana 13. og 14. apríl 2022. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 1. febrúar 2023 hafði B samband símleiðis og ræddi við starfsmann Fiskistofu vegna málsins. Upplýsti hann að um nafnarugling og misskilning hafi verið að ræða hvað varðaði lögskráningu umrædda daga. Höfðu komið upp veikindi og væru töluverð líkindi með nöfnum nokkurra áhafnarmedlima. Bátinn Kóngsey ST-4 (2579) hafði útgerðin keypt nýlega og hafi ekki verið búíð að breyta merkingum umræddan dag. Það hafi hins vegar verið gert síðastliðið sumar. Hvað varðaði meint brot skipstjóra umræddra fiskiskipa vildi B ekki tjá sig. Var hann hvattur til að koma því áleiðis til forsvarsmanns útgerðarinnar að skila inn skriflegum athugasemdum fyrir uppgefinn frest þar sem öllum þessum atriðum væri svarað.

Þann 17. febrúar 2023 bárust athugasemdir málsaðila í tölvupósti, undirrituð af C framkvæmdastjóra ST 2 ehf. Í athugasemdum málsaðila er málsatvikum eins og þeim er lýst í tilkynningu um málið frá 18. janúar sl., ekki andmælt. Það verklag sem hafi verið við lýði á þeim tíma er meint brot áttu sér stað yrði ekki endurtekið enda sæmdi það ekki góðri umgengni við auðlindina. Þá segir að verklag útgerðarinnar við framkvæmd grásleppuveiða, sem og eftirfylgni og yfirsýn, hafi verið yfirfarin með það að markmiði að slíkt gerist ekki aftur. Vísaði málsaðili til 4. mgr. 21. gr. laga nr. 97/1997, sem kveður á um áminningar vegna minniháttar brota á umræddum lögum og reglum settum samkvæmt þeim. Þá rak málsaðili þau atriði sem líta skal til við mat á því hvort að um minniháttar brot sé að ræða og benti á að enginn ávinningur hafi verið fólgin í hinum meintu brotum fyrir útgerðina og hafi umræddur misbrestur sem hafi átt sér stað ekki orðið fyrir ásetning. Af þeim sökum gerði málsaðila þá kröfu að málið yrði fellt niður en til vara að honum yrði veitt skrifleg áminning. Hvað varðar önnur atriði sem Fiskistofa tiltók í bréfi sínu kvað málsaðili ætla séu á valdsviði Samgöngustofu og hafi útgerðin við þau nokkrar athugasemdir án þess að þeirra hafi verið getið sérstaklega í erindinu.

Í kjölfar upphaflegrar ákvörðunar Fiskistofu í málinu frá 9. mars 2023 sendi B Fiskistofu skriflegar athugasemdir þann 13. mars sama ár með ábendingum um staðreyndavillur í ákvörðuninni. Að sögn B hafi gleymst að lögskrá sig um borð á Kóngsey ST-4 (2579) þann 13. apríl 2022 og hafi hann verið sá er veiðieftirlitsmenn Fiskistofu ræddu við á höfninni, en ekki D. Þá hafi ranglega verið vísað til E sem skipstjóra á Sigurey ST-22 (1774) þann 14. apríl 2022 en ekki B sem réttilega var lögskráður sem slíkur og hefur það verið leiðrétt í málsatvikum að framanverðu. Þá voru jafnframt gerðar smávægilegar breytingar á málsatvikum og atriði felld brott sem ekki höfðu þýðingu við efnislega úrlausn málsins. Með hliðsjón af þessum athugasemdum ákvað Fiskistofa að endurupptaka málið með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga

nr. 37/1993, er vörðuðu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um málsatvik, og leiðréttja jafnframt með vísan til 23. gr. sömu laga, bersýnilega villu hvað varðar tilvísun til lögskráðs skipstjóra á Sigurey ST-22 (1774) þann 14. apríl 2022.

III. Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997 segir að grásleppuveiðar skuli háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og að ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Í 14. gr. sömu laga segir að ráðherra setur reglur um framkvæmd laganna, m.a. um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmörkun á notkun þeirra. Þá segir í 8. gr. reglugerðar nr. 267/2022, er fjallar um veiðitíma, að skylt sé að draga öll grásleppunet úr sjó fyrir lok leyfistímabils og að óheimilt sé að hefja veiðar með yfirtöku hrognkelsaneta í sjó. Brot á reglugerð nr. 267/2022 og lögum nr. 79/1997 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til grásleppuveiða skv. 7. gr. laga nr. 79/1997 sbr. 1.-3. mgr. 21. gr. eða skriflegum áminningum skv. 4. mgr. 21. gr. sömu laga sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 267/2022. Þá getur brot gegn ákvæðum laga nr. 79/1997 og reglum settum samkvæmt þeim jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 15. gr. og 17. gr. sömu laga sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 267/2022. Þá geta brot gegn ákvæðum laga nr. 79/1997 jafnframt varðað öðrum viðurlögum; með beitingu ákvæða laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, upptöku á veiðarfærum og ólögmætum afla, og með löghaldi í skipi skv. 15., 16. og 19. gr. sömu laga. Brot gegn ákvæðum laga nr. 79/1997 og reglum settum samkvæmt þeim telst fullframið hvort sem það er með refsínæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 18. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabyrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að Kóngsey ST-4 (2579) lagðist að bryggju þann 13. apríl 2022, á lokadegi veiða skv. þágildandi grásleppuveiðileyfi bundið við skipið, án þess að skipverjar hafi dregið úr sjó öll grásleppunet. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu tóku á móti skipinu umræddan dag á höfninni á Drangnesi og sáu þá að engin grásleppunet voru um borð. Til að tryggja sönnun tóku veiðieftirlitsmenn ljósmyndir á vettvangi. Gáfu þeir sig á tal við skipverja sem viðurkenndi að netin hafi ekki verið dregin í lok úthalds. Samkvæmt ferilvöktun skipsins umræddan dag sést að það fór einungis eina veiðiferð. Að mati Fiskistofu er útilokað að skipið hafi siglt aftur eftir hana og sótt netin eftir viðræður við veiðieftirlitsmenn á bryggju, í svarta myrkri, fyrir miðnætti 13. apríl. Daginn eftir, 14. apríl, hélt Sigurey ST-22 (1774) til grásleppuveiða á grundvelli leyfis útgefnu 13. apríl. Við skoðun á ferlum skipanna kom í ljós að Sigurey ST-22 (1774) hélt til veiða 14. apríl á sama stað og Kóngsey ST-4 (2579) lauk sínum veiðum deginum áður. Þá liggur fyrir, samkvæmt ferilvöktunarkerfi (AIS), að Kóngsey ST-4 (2579) hélt til veiða kl. 09:28 og lagðist að bryggju 13:54 þann 14. apríl, og landaði m.a. 934 kg af grásleppu (óslægt). Með hliðsjón af tegund veiða og því magni sem Sigurey ST-22 (1774) landaði 14. apríl, með hliðsjón af magni landaðs afla í öðrum veiðiferðum skipsins, er að mati Fiskistofu ólíklegt að sömu net hafi verið lögð og dregin á þessum stutta tíma í veiðiferð skipsins umræddan dag. Ferlar skipanna sem og sú staðreynd að Sigurey ST-22 (1774) hafi landað afla í fyrstu veiðiferð sinni, rennir styrkum stoðum undir grun Fiskistofu um að Sigurey ST-22 (1774) hafi hafið veiðar með yfirtöku hrognkelsaneta í sjó í andstöðu við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 267/2022. Að framansögðu liggur fyrir rökstuddur grunur um að skipstjórar fiskiskipa í eigu málsaðila hafi gerst brotlegir við reglugerð nr. 267/2022 og lög nr. 79/1997, með því að hafa ekki dregið grásleppunet fiskiskipsins Kóngsey ST-4 (2579) úr sjó fyrir lok leyfistímabils þess og með



Ífirtöku fiskiskipsins Sigurey ST-22 (1774) á hrognkelsanetum í sjó, dagana 13. og 14. apríl 2022.

Í athugasemdum málsaðila, sem bárust 17. febrúar 2023, er málsatvikum ekki andmælt eins og þeim er lýst að framanverðu. Að sögn málsaðila hefur það verklag sem við lýði var verið endurskoðað og verður ekki endurtekið, enda sæmði það ekki góðri umgengni við auðlindina. Vísaði málsaðili til þeirra sjónarmiða sem líta skal við mat á því hvort að um minniháttar brot sé að ræða. Þá vísaði málsaðili til þess að meint brot höfðu engan ávinning í för með sér fyrir útgerðina og hafi ekki verið um ásetning að ræða. Væri um brot að ræða væru þau minniháttar með vísan til atvika málsins og ætti því í mesta lagi að áminna útgerðina. Verður tekin afstaða til sjónarmiða málsaðila hvað þessi atriði varðar hér að neðan.

Málsatvik eru óumdeild enda hefur ekkert komið fram í málinu sem leitt getur til þess að skýrsla veiðieftirlitsmanna sé dregin í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim var lýst af hálfu veiðieftirlitsmanna. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna studdum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, s.s. ljósmyndir á vettvangi og ferlar beggja fiskiskipa, ásamt athugasemdum málsaðila, og þess sem að framan greinir, er það niðurstaða Fiskistofu að skipstjórar umræddra fiskiskipa hafi brotið að yfirlögðu ráði gegn tilgreindum ákvæðum reglugerðar nr. 267/2022 og lögum nr. 97/1997 dagana 13. og 14. apríl 2022.

Háttsemi skipstjóra Kóngsey ST-4 (2579) er talin varða við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um hrognkelsaveiðar árið 2022 nr. 267/2022 og 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997. Háttsemi skipstjóra Sigurey ST-22 (1774) er talin varða við 2. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar og 7. gr. framangreindra laga.

Í 4. mgr. 21. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 segir að þrátt fyrir ákvæði 1.-3. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem fiskiskipið Sigurey ST-22 (1774) gat haldið beint til veiða og landað afla samdægurs þann 14. apríl 2022. Með því hafi útgerðin grætt a.m.k. eina lögn og löndun með tilheyrandi ávinningi. Samkvæmt vigtar- og ráðstöfunarskýrslum vegna löndunar skipsins umræddan dag var verðmæti slægðrar grásleppu og hroгна a.m.k. 112.080 kr. Brotin voru jafnframt til þess fallin að hafa í för með sér sparnað útgjalda fyrir málsaðila, svo sem sparnað olúkostnaðar við að sigla fiskiskipinu Sigurey ST-22 (1774) aukaferð fram og til baka að hentugum veiðistað og leggja þar grásleppunet í fyrstu veiðiferð innan tímamarka gildandi leyfis. Þó hefur ekki verið um umtalsverðan sparnað útgjalda eða ávinning að ræða með hliðsjón af málavöxtum.



Líta verður til markmiða laga nr. 79/1997 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Tilgangur laganna er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Brotin ógna helst hagsmunum tengdum fiskveiðistjórnun og eftirliti með veiðunum. Í reglugerð um hrognkelsaveiðar er kveðið á um skipulag grásleppuveiða hér við land og hvaða bátar eiga rétt til grásleppuleyfis. Þar er m.a. kveðið á um reglur um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmörkun á notkun þeirra. Mikilvægir almanna- og einkahagsmunir séu jafnframt fólgnir í því að jafnræði sé með þeim sem stunda umræddar veiðar, og hafi brot málsaðila ógnað þeim hagsmunum með vítaverðum hætti sem veitti honum bersýnilegt forskot umfram aðra. Með því að skilja eftir net í sjó hafi málsaðili tryggt sér veiðistað þar sem fiskiskipið Kóngsey ST-4 (2579) hafi skilið eftir grásleppunet sem síðan voru yfirtekin af Sigurey ST-22 (1774), sem af þeim sökum gat dregið netin úr sjó strax í fyrstu veiðiferð sinni þann 14. apríl. Með því að geta dregið afla úr netum strax í upphafi leyfistímabils skipsins hafi málsaðili grætt a.m.k. eina lögn á tímabilinu, þ.e. þann afla sem skipið landaði 14. apríl og vísað hefur verið til, sem og fleiri veiðidaga en ella, enda var grásleppuveiðileyfi hvers báts á umræddu fiskveiðiári takmarkað við 25 samfellda daga. Með því hafi verið ójafnræði með veiðum málsaðila og annarra sem stunduðu sömu veiðar á sama veiðisvæði enda sé ávallt uppi samkeppni um góða veiðistaði og svæði til að leggja grásleppunet.

Málsatvik, sem rakin hafa verið, studd þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu þykja hafa leitt í ljós að skipstjórar umræddra fiskiskipa hafi gerst sekir um brot. Fiskistofa horfir í þessu samhengi sérstaklega til þess hvernig verknaðinum sjálfum var háttað, þeim hagsmunum sem verknaðurinn beindist að og verknaðaraðferðar í umrætt sinn. Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra í umræddum veiðiferðum og til þeirrar staðreyndar að málsaðili ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við lög og reglur. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Í 3. mgr. 21. gr. laga nr. 79/1997 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Að mati Fiskistofu er um ásetningsbrot skipstjóra að ræða og voru brotin samtvinnuð með það að markmiði að vera málsaðila til hagsbóta. Hafi í því samhengi tveir skipverjar verið lögskráðir um borð í Kóngsey ST-4 (2579) þann 13. apríl sem hafi jafnframt verið lögskráðir um borð í Sigurey ST-22 (1774) þann 14. apríl (auk annarra áhafnar meðlima), og hafi þeir því átt þátt í báðum brotum. Að mati Fiskistofu hafi brotin verið fyrir fram skipulögð og framin í samverknaði áhafnar meðlima og ólíklega að forsvarsmönnum útgerðarinnar forspurðum, sem eykur verulega á saknæmi brotsins. Brotin voru ámælisverð með hliðsjón af öllu framangreindu og kemur því ekki til greina að áminna málsaðila enda brotin ekki minniháttar. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Af þeim sökum og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til grásleppuveiða annars vegar í eina viku fyrir Kóngsey ST-4 (2579) og hins vegar í eina viku fyrir Sigurey ST-22 (1774).

Fiskistofa sviptir hér með bæði fiskiskip málsaðila, Kóngsey ST-4 (2579) og Sigurey ST-22 (1774), leyfi til grásleppuveiða í eina viku (7 daga). Skal leyfissviptingin taka gildi við útgáfu næsta veiðileyfis á grundvelli 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, bundið við hvort skip fyrir sig, skv. 1.-3. mgr. 21. gr. sömu laga. Athygli er vakin á því að þar til réttaráhrifum



FISKISTOFA
TRÁUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

leyfissviptingar lýkur er hvorki heimilt að flytja réttindi grásleppuveiðileyfis af bát né réttindi grásleppuveiðileyfis til viðkomandi báts. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 5. mgr. 21. gr. framangreindra laga.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 6. mgr. 21. gr. laga nr. 79/1997. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992

